Reykjavík

# Frístundaheimilið Álftabær

## Starfsáætlun 2026-2027



**Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

# Efnisyfirlit:


Inngangur ..... 3
Innra mat 2025-2026 ..... 3
Umbótaáætlun 2026-2027 ..... 3
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins ..... 4
Helstu dagsetningar ..... 4
- Ágúst ..... 4
- September ..... 4
- Október ..... 4
- Nóvember ..... 4
- Desember ..... 4
- Janúar ..... 4
- Febrúar ..... 4
- Mars ..... 4
- Apríl ..... 4
- Maí ..... 4
- Júní ..... 4
- Júlí ..... 4


## Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Álftabær auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt rýndar í innra mati.

## Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

### Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.

Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.

Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.

Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.

Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.

Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun.

Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin.

Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.

Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

### Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar.

Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.

## Umbótaáætlun 2026-2027

| **Heiti aðgerðar: Fræðsla nýrra starfsmanna** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | Mannauður og faglegt starf. |
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | Fræðsla nýrra starfsmanna, skyndihjálparfræðsla, samtöl við starfsmenn. |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Nýir starfsmenn horfi á viðeigandi fræðslu í Torginu strax í sinni fyrstu viku í starfi áður en börnin koma í hús (hefur áður verið sýnt fyrir hópinn í vetrarfríi). |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Hefst þegar nýr starfsmaður hefur störf. |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Hafa allir starfsmenn horft á viðeigandi fræðslu myndbönd? Ef já: markmiði náð. |

| **Heiti aðgerðar: Skyndihjálp** | |
|---|---|
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | Mannauður og faglegt starf. |
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | Skyndihjálparfræðsla |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Hafa skyndihjálparfræðslu á haustin, ekki bara fyrir sumarstarfsmenn. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Sem fyrst |

| | |
|---|---|
| | |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Um áramót |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Starfsfólk er betur í stakk búið til að takast á við uppákomur og neyðartilvik |
| | |
| **Heiti aðgerðar:** | **Örsamtöl** |
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | Mannauður og faglegt starf. |
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | Reglubundin samtöl við starfsmenn. |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Örsamtöl við starfsfólk í nóvember og febrúar |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | nóvember og febrúar |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Endurmetið á fundi stjórnenda og með samtölum við starfsfólk |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Ánægja starfsfólks og að þau upplifi að á þau sé hlustað. |
| | |
| **Heiti aðgerðar:** | Umbætur á útisvæði |
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | .<br>Bjargir og skipulag |
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | Útisvæðið getur tæplega talist boðlegt þeim rúmlega 120 börnum sem nýta sér Álftbæ. Svæðið er ekki aðeins of lítið heldur hefur grasið breyst í einskonar drullusvað og leiktæki þarf að uppfæra. |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Það þarf að fá fleiri mottur t.d. við rólur. Hellur eru margar hverjar sprungnar/götóttar. Búið er að hringja og senda myndir á umhverfis- |

| | |
|---|---|
| | og skipulagssvið. Búið er að laga niðurföll sem voru stífluð og bæta mottum á einhverjum stöðum en frekari úrbóta er enn þörf. |
| **Ábyrgð** | |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Ferli er hafið og líkur vonandi sem allra fyrst. |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Farið verður aftur yfir stöðuna í vor. |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Ef minna er um drullu og færri kvartanir frá foreldrum/forsjáraðilum þá er það til marks um árangur. |
| | |
| **Heiti aðgerðar:** | Ávaxtalýðræði |
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | Börnin á frístundaheimilinu |
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | Börn velja ekki sjálf hvaða ávexti er boðið upp á |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Prentaðir verða út miðar með myndum af ávöxtum sem skilað er í kassa hjá starfsmanni. Þeir æavextri sem hljóta flest atkvæði verða í boði næst þegar boðið er upp á ávexti. Hvert barn fær að skila einum miða. |
| **Ábyrgð** | Stjórnendur og aðrir starfsmenn |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Hefst strax og líkur í vor |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Endurmat fer fram á fundi í lok skólaárs. Er þetta eitthvað sem við viljum halda áfram?Einnig verða tekin viðtöl við bornin um þeirra upplifun. |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Ef börnin upplifa það að þau hafi meira vægi í ákvörðunum en áður hefur markmiði verkefnisins verið náð. |
| | |
| **Heiti aðgerðar:** | **Ávaxtameistarar** |
| **Umbótaþáttur/matsþáttur** (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, | Börnin á frístundaheimilinu |

| | |
|---|---|
| Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag) | |
| **Tækifæri til umbóta.** Út frá innra mati frá fyrra ári. | |
| **Aðgerðir til umbóta.** Hvernig á að framkvæma það? | Börn fá að bjóða sig fram í að vera svokallaðir “ávaxtameistarar”. Sá titill felur í sér að fá að gefa út ávexti sem nú eru gefnir út af starfsmanni. Tveir til fjórir geta gegnt embætti ávaxtameistara á hverjum degi, helst nýir fulltrúar daglega. Starfsmaður hefur yfirsýn og umsjón með ávöxtum. |
| **Ábyrgð** | Starfsfólk |
| **Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?** | Hefst núna strax, engin áætluð lok en fylgst verður með hvernig gengur og stanslaust endurmat í gangi. |
| **Hvenær og hvernig á að endurmeta?** Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn) | Starfsmenn spjalla sín á milli hvernig gengur með verkefnið. |
| **Viðmið um árangur.** Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði | Eru börn og starfsmenn ánægðari með ávaxtastundir?<br>Ef já: gengur vel |

## Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Við leggjum áherslu á læsi sem er einn af grundvallarþáttum menntastefnunnar. Svo dæmi séu tekin erum við með veggspjald með tilfinningum, ljóð og fleira í augnhæð barnanna. Lestrarklúbbur er opinn á hverjum einasta degi.

Reglulega er vináttufærni þar sem starfsfólk fer yfir stöðuna.

## Helstu dagsetningar

### Ágúst

### September

## Október

21. Bleikur dagur

3o. Hrekkjavaka (þema og föndur í gegnum mánuðinn)

## Nóvember

9. Dagur gegn einelti

16. Dagur íslenskrar tungu (áhersla á ljóð og lestur)

## Desember

Jólaföndur
Jólabakstur
Jólaopnun
Jól.s.frv.

## Janúar

Handbolti! (föndra fána, horfa á leiki, andlitsmálning)

Þrettándinn

22. Upphaf þorra (smá þorra stemning í síðdegishressingu)

## Febrúar

Bolludagur
Sprengidagur
Öskudagur

11. Dagur íslenska táknmálsins (læra stafina sína)

## Mars

Páskaföndur

Páskaleit (á löngum degi)

## Apríl

## Maí

Útileikir

## Júní

Sumarstarf

## Júlí

Sumarstarf